

AUGLÝSING

um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Urðarhvarf 10. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 24. mars 2025 með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendahvarf – Athafnasvæði fyrir lóðina nr. 10 við Urðarhvarf. Í breytingunni felst hækkun byggingarreits úr 5 hæðum í 6 og aukning byggingarmagns úr 5.900 m² í 6.600 m². Nýtingarhlutfall ofanjarðar eykst úr 0,63 í 0,74, nýtingarhlutfall ofan- og neðanjarðar hækkar úr 1,0 í 1,1. Efsta hæð skal vera inndregin. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 2. júlí 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 16. júlí 2025